

Jóhanna Bergmann

Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands

1998

Jóhanna Bergmann

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands

1998

© Jóhanna Bergmann 1999
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 1998
Skýrslur Minjasafns Austurlands VIII
ISBN 9979-9287-6-X

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	4
STARFSMANNAHALD.....	4
HÚSNÆÐISMÁL.....	4
VETRARSTARFSEMI	5
Safnakennsla.....	5
Góugleði	6
Opíð hús á vorjafndægri	6
Sumardagurinn fyrsti.....	6
Bókavaka.....	6
Jólagleði.....	6
Sérsýningar.....	7
SUMARSTARFSEMI.....	7
Sumarsýningar.....	7
Tóvinna	8
Hestakerruferðir	8
Sveitadagur	8
Gestafjöldi	8
FORNLEIFARANNSÓKN eftir Steinunni Kristjánsdóttur	9
EVROPUSAMSTARF	11
SAFNAUKI	13
ÚTGÁFUSTARFSEMI OG FYRIRLESTRAR	13
INNLÁN - ÚTLÁN	14
STYRKTARADILAR	14

INNANGANGUR

Árið 1998 var þriðja fulla starfsár Minjasafns Austurlands eftir að 11 sveitarfélög á Héraði og Borgarfirði eystri tóku við rekstri þess um mitt ár 1995. Eftir sveitastjórnarkosningar vorið 1998 fækkaði rekstraraðilum úr 11 í 5 við sameiningu sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru: Austur-Hérað, Norður-Hérað, Fellahreppur, Borgarfjörður eystri og Fljótsdalshreppur.

Starfsemi ársins var öflug og fjölbreytt eins og efnisyfirlit gefur vísbendingu um. Forstöðumenn stofnananna 3ja í Safnahúsinu; Bókasafns, Héraðsskjalasafns og Minjasafns tóku höndum saman um að bjóða upp á opna dagskrá í húsinu á vetrum. Auk jólagleði og bókaöku var um að ræða dagskrá á Konudaginn, um Vorjafndægur og á Sumardaginn fyrsta. Samstarf þetta heppnaðist með ágætum og var ákveðið að framhald yrði á því.

Sumarstarfsemin var lífleg en afspyrnu léleg tíð á Austurlandi setti strik í reikninginn og aðsókn að safninu stóðst ekki væntingar. Auk lifandi starfsemi í tengslum við fastasýningu var opnuð sérsýning í sal safnsins í kjallara og fjallaði hún um 1. áfanga rannsóknarinnar “Mörk heiðni og kristni” sem Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur og fyrrum safnstjóri stjórnaði. Steinunn starfaði að 2. áfanga sömu rannsóknar um sumarið og gekk rannsóknarstarfið vel þrátt fyrir veðurfar.

Snemma árs varð ljóst að umsókn um fjárveitingu úr Raphael-áætlun Evrópusambandsins, sem Minjasafnið var aðili að ásamt stofnunum í 7 öðrum Evrópulöndum, hlaut brautargengi og hófst samstarfið formlega á fundi aðilanna í Slóvakíu í maímánuði.

Hér á eftir verður farið nánar í ýmsa liði starfsemi safnsins á árinu 1998.

STARFSMANNAHALD

Á árinu urðu þessar breytingar á starfsmannahaldi: Starfshlutfall Grétu Ósk Sigurðadóttur lækkaði úr 60% í 50% að hennar ósk. Tímabundinn ráðningarsamningur við Jóhönnu Bergmann rann út 31. maí. Steinunn Kristjánsdóttir afréð að koma ekki aftur til starfa sem forstöðumaður heldur halda áfram rannsóknum sínum undir merkjum safnsins enda fengist styrkfé til þess. Jóhanna Bergmann var ráðin safnstjóri ótímabundið frá 1. júní að telja. Steinunn Kristjánsdóttir rak rannsóknir sínar að lang mestu leyti með fé úr Vísindasjóði Rannsóknarráðs Íslands en Minjasafnið greiddi henni ein mánaðarlaun þá þrjá mánuði sem hún starfaði að fornleifarannsóknum hér. Sumarstarfsmaður var ráðinn í 75% starf frá 1. júní til 1. september.

HÚSNÆÐISMÁL

Í vætutíð haustsins gerði gífurlegan leka af torfbaki á jarðhæð, bæði í sameign og þar sem heyrir undir Minjasafnið. Byggingarnefnd Safnahússins réði iðnaðarmenn til að ráðast í áveitu- og þéttingaframkvæmdir á milli loftplatna og gólfs næstu hæðar. Það er samdóma álit þeirra sem að þessu vandamáli hafa komið að eina varanlega lausnin sé að halda áfram með húsið og byggja ofaná jarðhæðina.

Geymsla, sem safnið hafði til afnota endurgjaldslaust yfir landbúnaðartæki og aðra fyrirferðarmikla muni í skemmu Skógræktar Ríkisins við Höfða á Völlum, var seld um sumarið og Minjasafninu gert að tæma hana. Eftir árangurslausar málaumleitanir til sveitastjórna í Austur-

Héraði og Fellabæ var afráðið að taka á leigu rými í steypu fjárhúsi og hlöðu í eigu Systkynabúsins Skeggjastöðum, Fellahreppi. Ljóst var að flutningurinn yrði flókinn og dýr enda um að ræða eina 5 óökufæra traktora, hestasláttuvél, kornskurðarvél í bágu ásigkomulagi, hestaplóga, hestasleða, og mikið magn timburs sem áður tilheyrði innréttingum húsa. Leitaði safnstjóri til Dags í Dagsverki um að annast flutninginn. Guðmundur Ármannsson, Vaði, Skriðdal, kom á eigin traktor til að draga tækin út úr skemmuni. Dagur tók þar við og hífði upp á vörubíla það sem ekki varð handlangað úr skemmuni. Í burðinn komu ásamt safnstjóra 3 bæjarstarfsmenn Austur-Héraðs. 3 vörubílar og jafnmargir bílstjórar önnuðust akstur. Við Skeggjastaði nutum við aðstoðar Gunnars Björnssonar, Hofi, Fellum, á gaffaltraktor sínum, við að koma hlutunum fyrir í nýju geymslunni. Tveir af traktorunum 5 voru fluttir að Vaði þar sem Guðmundur bóndi hyggst gera þá upp í frítíma sínum. Ekki er að orðlengja það að allir þeir sem hér eru nefndir til sögunnar gáfu bæði vinnu sína og sinna starfsmanna og atvinnutækja. Safninu var ekki einu sinni gert að greiða útlagðan beinan kostnað eins og eldsneyti eða slíkt. Kann safnstjóri hlutaðeigandi að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir.

VETRARSTARFSEMI

SAFNAKENNSLA

Um haustið var öllum skólum í Múlasýslum sent bréf þar sem minnt var á safnakennslu fyrir skóla-nema. Alls sóttu um 230 skólabörn safnið heim í fylgd kennara sinna. Þetta er um helmingi færri börn en árið áður. Telja má víst að skýringin felist í því að ýmsir kennarar hafi ekki séð tilefni til að fara með nemendur sína annað árið í röð. Bóðið var uppá safnakennsluverkefni sniðin að þörfum mismunandi aldurs hópa en ekki völdu allir kennarar að notfæra sér þau. Safnstjóri lagði áherslu á samstarf við kennara um að sníða heimsóknina að áhuga og áherslum hvers hóps fyrir sig. Til dæmis komu leikskólabörn Austur-Héraðs í heimsókn í desembermánuði og hlutu leiðsögn um salinn og settust svo á gólf baðstofunnar og hlýddu á sögu um jólasveinana og Grýlu. Sögukennari við Menntaskólan hannaði aftur *Lesið fyrir leikskólabörnin*. á móti heimaverkefni fyrir nemendur sína þar sem fastasýning safnsins var lögð til grundvallar. Safnakennslan er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi Minjasafnsins og undantekningarlaust fara nemendur glaðir og einhvers vísari af vettvangi.

Á haustönn tók starfsfólk Minjasafnsins á móti þremur nemendum 10. bekkjar Egilsstaðaskóla í starfsfræðslu. Þetta var í fyrsta sinn sem Minjasafnið tók þátt í þessu starfi skólans og gafst samstarfið afskaplega vel.

GÓUGLEÐI

Á konudaginn stóð starfsfólk Safnahússins sameiginlega að dagskrá sem var öllum opin og helguð minni kvenna. Dagskráin fólst í upplestri á kvenlýsingum, fornum og nýjum, kvæðum og heilagra kvenna sögum, auk hljóðfærslatts og söngs og síðast en ekki síst einvígi þar sem Jónbjörg Eyjólfadóttir og Brynjólfur Bergsteinsson kváðust á. Á milli 40 og 50 gestir komu í Safnaúsið til að hlýða á flutningin, og telst það húsfyllir.

OPIÐ HÚS Á VORJAFNDÆGRI

Sunnudaginn 22. mars bauð starfsfólk Safnahússins Signýju Ormarsdóttur að koma í húsið og kynna feril sinn og starf sem fatahönnuður með megináherslu á framleiðslu fatnaðs úr hreindýraleðri. Signý flutti stuttan fyrirlestur og leyfði gestum að finna muninn á grænlenku og austfirsku hreindýraleðri og máta sýnishorn af fatnaði sem hún hannar og saumar. Gestir urðu rétt tæplega 20 talsins.

SUMARDAGURINN FYRSTI

Á sumardaginn fyrsta var enn á ný glatt á hjalla í Safnahúsinu. Félagar úr Ungmennafélaginu Valur á Reyðarfirði sóttu okkur heim og sýndu glímu undir stjórn þjálfara síns Þórodds Helgasonar. Þvínæst tók við fjölbreytt leikja- og tónlistardagskrá þar sem gestir voru virkjaðir til þátttöku í hópleikjum sem þeir eldri í hópnum mundu eftilvill frá sínum bernskuárum en fæstir hinna yngri höfðu leikið áður. Ármann Einarsson tónskólastjóri við Fellaskóla og nemendur hans áttu stóran þátt í að gera þessa uppákomu eins kröftuga og eftirminnilega og raun varð á.

BÓKAVAKA

Fyrsta föstudaginn í desember var boðið til bókavöku í anddyri Héraðsskjalasafnsins. Búið var til huggulegt andrúmsloft með kertum, kaffi og piparkökum á borðum í annars rökkuðum salnum. Rithöfundarnir Sindri Freysson, Guðrún Bergmann, Guðjón Sveinsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson lásu úr verkum sínum við góðar undirtektir. Viðkomandi Bókaförlög kostuðu ferðir þeirra höfunda sem komu langt að.

Bókavakan hefur fest sig í sessi og á sinn hóp tryggra hlustenda sem ekki láta sig vanta á þennan árlega viðburð þar sem jólabókaflórunni er gerð örlítil skil.

JÓLAGLEÐI

Föstudagseftirmiðdaginn 18. desember var enn á ný glaumur og gleði í salarkynnum Safnahússins. Eins og vandi er til léku börn úr Tónlistarskóla Fellahrepps jólalögin undir dyggri handleiðslu Ármanns Einarssonar. Elstu börnin á leikskólanum Tjarnarlandi mynduðu kór og sungu nokkur lög í tilefni af opnun ljósmyndasýningar þeirra “Það sem mér finnst jólalegt”. Nánar verður sagt frá sýningunni í næsta lið. Að venju fengu gestir lummur og heitt kakó og hjálpuðu til við tólgarkertagerð af mestu elju. Rammíslenskir jólasveinar villtust inn í húsið og urðu áður en varði hrókar alls fagnaðar og höfðu manna hæst þegar sungið var og dansað í kringum jólatréð.

SÉRSÝNINGAR

Ljósmyndasýning leikskólabarna “Það sem mér finnst jólalegt” var opnuð á jólagleðinni. Haft var samráð við fóstrur á Tjarnarlandi og fengu þær elstu börnunum það verkefni að ljósmynda það sem fyrir augu bar í gönguferð um bæinn og minnti þau á jólnin. Einnnota myndavélar fengust til verkefnisins sem styrkur frá Hraðmynd sem einnig annaðist framköllun endurgjaldslaust. Hugmyndin að verkefninu spratt út frá svipaðri sýningu sem áhugaljósmyndarafélagið Ljósálfar stóð fyrir í Reykjavík sumarið áður. Samstarf þetta heppnaðist með mestu ágætum og tókst börnunum að miðla sinni sýn í gegnum þann miðil sem ljósmyndin er. Sýningin var sett upp á Bókasafninu og stóð vel framyfir áramót.

Í desembermánuði var einnig sett upp ný sýning á vegum Minjasafnsins í sýningarskápum í stigagangi að Bókasafni. Gréta Ósk Sigurðardóttir sá um að velja muni og minjar sem minntu á veturinn, bæði innandyra og utan. Um var að ræða fatnað, húsmuni, skíði og skauta, feldi og annað sem leiddi hugar að því hvernig fólk bjó hér um slóðir að vetri til. Sýningin bar einfaldlega yfirskriftina “Vetur”.

SUMARSTARFSEMI

SUMARSÝNINGAR

Fastasýning Minjasafnsins tók svolitlum breytingum fyrir sumaropnun. Skipt var út munum í einum sýningarbásanna. Þar sem áður höfðu aðallega verið ýmsir gripir sem glatað höfðu sögu sinni í gegnum óvissuár Minjasafnsins var stillt upp munum úr búi bræðranna Árna, Björns og Eiríks Sigfússoða frá Giljum í Jökuldal. Bræðurnir létust allir á yfirstandandi áratug en tóku við búskap að Giljum eftir móður sína og tengdaföður. Enginn þeirra giftist og áskotnaðist Minjasafninu úrval muna af heimili þeirra sem þeir færðu safninu sjálfir. Segja má að gripirnir gefi mynd af bæjarbrag alþýðuheimilis til sveita um miðja þessa öld.

Að öðru leyti var sýningarsalur yfirfarinn og nokkrar minni breytingar, viðbætur og tilfærslur gerðar.

Formleg sumarsýning Minjasafnsins bar titilinn “Geirsstaðir í Hróarstungu - stórbýli á landnáms- og söguöld”. Sýningin skýrði fornleifarannsókn sem Steinunn Kristjánsdóttir stýrði sumarið 1997. Gerð var grein fyrir vinnuaðferðum við rannsókn af þessu tagi, gestir leiddir í gegnum jarðlögin út frá teikningum og sýni og greiningarniðurstöður af ýmsu tagi gat að líta í sýningarborðum. Jarðvegssnið tekið á vettvangi rannsóknarinnar gaf lifandi mynd af því efni sem fornleifafraeðingar hafa úr að móða þegar dregnar eru ályktanir um aldur og eðli rústa í jörðu. Sýningin stóð til loka sumars.

TÓVINNA

Sunnudagseftirmiðdaga mættu fulltrúar eldri kynslóðarinnar í baðstofuna í sýningarsal, tóku til við ullarvinnu og skýrðu fyrir gestum. Áhugasamir, einkum börn, fengu tilsögn í að kembera og stíga rokk, og sáu ullina breytast í band, tilbúið fyrir þrjónana. Gamla fólkið gaf allt vinnu sína en sérstaklega ber að nefna að Þórólfur Stefánsson mætti næstum alla sunnudaga sumarsins. Ólafur Sigurðsson, Framnesi, Reyðarfirði yfirfór rokkana fyrir notkun safninu að kostnaðarlausu.

HESTAKERRUFERÐIR

Alla miðvikudagseftirmiðdaga í júlímánuði, eða 5 skipti, var boðið upp á hestakerruferðir í Lómatjarnargarði. Tímasetningin var valin þannig að þessa daga stóð Vinnuskóli Austur-Héraðs fyrir ýmsum uppákomum í garðinum. Féllu hestakerruferðirnar mætavel inni þá dagskrá og reyndust þegar upp var staðið lang vinsælastar af því sem í boði var. Helgi Valmundsson kúskur og hestur hans höfðu aldrei fyrr haft svo mikið að gera í fólksflutningum á vegum safnsins og voru að vonum ánægðir.


SVEITADAGUR

Í lok ágúst halda Héraðsbúar árlega uppskeruhátíð sína Ormsteiti og í þetta sinn tók Minjasafnið þátt með sveitadegi þar sem fjöldi sjálfboðaliða kom í heyskap með gamla laginu auk þess sem sem unnið var við fjölbreytt handverk innan dyra. Sláttumenn slógu með orfi og ljá, svo var tekið til við að raka í garða og binda í bagga sem loks voru hengdir á klakka. Klyfjaðir hestarnir voru svo teymdir svolitum um garðinn. Á meðan var boðið upp á harðfisk, sem barinn var með steinsleggju mikilli, og mysu til að væta kverkarnar. Úti á torfþaki við húsið var mó hlaðið í strýtu eins og úðkaðist til að þurrka hann.

Innandyrar var tóvinnan í fullum gangi auk þess sem band var litað með jurtum og gjarðir brugðnar af list. Fjöldi gesta lagði leið sína á túnið við Safnahúsið til að fylgjast með, og ef til vill hjálpa til, og lét ekki hjá líða að fara innfyrr og skoða safnið og það sem þar fór fram.

GESTAFJÖLDI

Eins og fram kom í inngangi var sumarið heldur dapurt hvað ferðamennsku varðar vegna lélegs tíðafars. Minjasafnið fór ekki varhluta af fækkun ferðamanna eins og tölur um gestafjölda bera með sér. Á árinu öllu heimsóttu safnið 1920 manns skv. gestabók. Þar af eru börn 203 og skólahópar 227. Útlendingum fjölgaði lítillega frá fyrra ári og töldu 369 manns eða 19,2% gesta. Af þessu er ljóst að hinn íslenski ferðamaður sneiddi hjá Austurlandi þetta sumar en útlendingar eru yfirleitt með fyrirfram skipulagt frí og skiludu sér því í svipuðum mæli og fyrr. Til að skýra þetta betur skal bent á að hlutfall erlendra gesta árið áður var aðeins 8%.



Sú athygli sem safnið hlaut opunarárið 1996 og á afmælisári Egilsstaða 1997, með sýningunni “Gömlu dagana gefðu mér” stuðlaði eflaust að því að Héraðsbúar heimsóttu safnið í mun meira mæli en þeir gerðu 1998. Ljóst er af fenginni reynslu að sumarsýning safnsins um fornleifauppgröftinn að Geirsstöðum höfðaði ekki til hins almenna borgara hér um slóðir. Til þess að tryggja að heimamenn sækji safnið reglulega heim þarf að hafa eitthvað á boðstólum sem sérstaklega höfðar til þeirra. Þetta geta verið einstakir viðburðir eða munir sem skipa háan sess í hugum Austfirðinga.

FORNLEIFARANNSÓKN -EFTIR STEINUNNI KRISTJÁNSDÓTTUR

Sumarið 1998 fór fram fornleifauppgröftur að Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. Uppgröfturinn var 2. áfangi þriggja ára rannsóknarverkefnis Minjasafns Austurlands undir stjórn Steinunnar Kristjánsdóttir fornleifafræðings. Verkefnið ber yfirskriftina “Mörk heiðni og kristni” og miðar að því að rannsaka fyrstu trúarbragðaskipti Íslendinga. Fyrsta fornleifarannsókn verkefnisins fólst í uppgrefti að Geirsstöðum í Hróarstungu sumarið 1997 en þar var rannsökuð kirkja frá 10. öld.

Að Þórarinsstöðum fundust fyrst vísbendingar um leifar kirkju og kirkjugarðs þegar Sigurður Magnússon, ásamt Birni Björnssyni vinnumanni, gróf fyrir sætheysgröfju á bænum árið 1938. Sigurður gerði sér grein fyrir því að þarna væri um merkar minjar að ræða og skráði því nákvæmlega allt það sem í ljós kom. Fundaraðstaður bentu til þess að hér væri um að ræða minjar frá mótunarárum kristinnar trúar á Íslandi og því var staðurinn valinn til rannsóknar.

Margt athyglisvert kom fram á því tveggja mánaða tímabili sem uppgröftur stóð yfir. Um mitt sumar fundust leifar kirkjunnar og um leið varð ljóst að hún hafði verið reist úr timbri með niðurgrofnum hornstöfum. Timburkirkjan á Þórarinsstöðum er sú fyrsta sinnar tegundar sem uppgötvast við fornleifauppgröft hérlendis en kirkjubygginga af þessari gerð er oft getið í rituðum heimildum. Þær eru venjulega kallaðar stafkirkjur en stundum stólpakirkjur, sér í lagi ef stóðir þeirra hafa verið niðurgrofnar. Stólpa- eða stafkirkjur eru allar byggðar úr viðarflekkum sem reistir eru upp á milli stórra stóða í hornum bygginganna. Stafverkið stendur venjulega í aurstokkum, sem hvíla á flötum undirstöðusteinum.

Lítið var varðveitt af timbrinu sem kirkjan á Þórarinsstöðum var byggð úr. Þær leifar sem varðveist höfðu voru endar hornstöðanna, svo og hluti tímurgólfs. Auk þess mátti greina einstaka viðarleifar hér og þar um allan grunn hennar, sem og utan við kirkjurústina. Stafverk

kirkjunnar hafði ekki varðveist. Aftur á móti mátti vel greina flötu steinana sem aurstokkurinn hefur hvílt á, svo og stóðarholur hornstöðanna. Þak kirkjunnar hefur líklega verið úr timbri en klætt með torfi. Gólf kirkjunnar hefur verið hellulagt við innganginn en líklega klætt með timbri í kór og miðskipi. Við innganginn fannst enn fremur stór dyrahella og tveir stóðarsteinar beggja vegna hennar. Viðargreining sem gerð var á timburleifum sem fundust í kirkjugrunninum, sýndi fram á að kirkjan var byggð úr rekaviði. Hún var reist úr tvenns konar viðartegundum, lerki og furu.

Almennt er talið að íslenskar kirkjur hafi verið klæddar að utan með torfi og grjóti til einangrunar og verndunar gegn vatni og vindum. Stafverkið hefur þá staðið innanvert við hlaðna veggina. Þannig var kirkjan á Þórarinsstöðum byggð. Utan við hina meintu langveggi hennar fundust fjórir stórir steinar í beinni röð, sem mynduðu þannig einfaldan skjólvegg. Steinarnir höfðu að hluta til verið klæddir með torfi. Skjólveggur þessi var ekki hár, u.þ.b. 60 cm að meðaltali, enda ekki um hleðslu að ræða. Hann hefur því ekki náð hátt upp á timburveggi kirkjunnar, heldur hefur hann einungis einangrað neðri hluta þeirra.

Aðalskip kirkjunnar hefur verið um 6 metra langt og 4 metra breitt að innanmáli skv. Því sem næst var komist þegar rannsókn lauk. Ljóst var við lok uppgraftartímabilsins að minjarnar voru aðeins að hálfu kannaðar og því ákveðið að 3. áfangi rannsóknarinnar færi einnig fram að Þórarinsstöðum sumarið eftir.

Samtals voru rannsakaðar fjórtán grafir við uppgroftinn að Þórarinsstöðum sumarið 1998. Þær snéru allar í höfuðáttirnar austur/vestur eins og kirkjubyggingin sjálf. Grafirnar fundust allt í kringum hana. Tvær þeirra lágu rétt utan við innganginn, tvær aðrar nokkrum metrum í norðvestur frá henni. Hinar grafirnar lágu yfirleitt þétt við vegg kirkjunnar á allar hliðar. Varðveisluskilyrði eru yfirleitt slæm á Þórarinsstöðum og því var nánast ekkert eftir af beinagrindunum í gröfunum. Í mörgum þeirra fundust aðeins tennur einar leifa, sumar grafirnar voru tómar og í enn öðrum fundust bara kol en engin bein. Í nokkrum gröfunum fundust sémilega heillegar beinagrindur sem hægt er að nota í aldurs- og mannfraðilegar greiningar en engin beinagrindanna er alveg heil. Kol fundust annars í öllum gröfunum fjórtán sem rannsakaðar voru sumarið 1998. Reglur um töku grafa virðist ekki hafa verið fastmótaðar þegar kirkjugarðurinn á Þórarinsstöðum var í nokkun. Þær voru misdjúpar og óreglulegar í lögun. Skýringin fyrir því hversu misjafnlega djúpt hinir látnu voru grafirnar liggur sjálfsagt í því hvort frost var í jörðu eða ekki þegar gröfin var tekin. Fundaraðstæður bentu jafnframt til að grafirnar hafi oft verið orpnar haugi. Auk þess var greinilega reynt að hafa þær sem minnstar. Þær voru flestar mjög þröngar, meira að segja svo þröngar að þær hafa rétt rúmað hinn látna. Fáar þeirra voru beinar og í sumum þeirra mátti greina leifar kistna. Minnstu grafirnar mældust rétt rúmí 20 cm á breidd þó þær væru allt að 2 m á lengd, enda kom fljótlega í ljós að hinir látnu höfðu í mörgum tilfellum verið jarðaðir liggjandi á hlið. Kolefnisaldursgreiningar, og fleiri vísbendingar, benda til þess að jarðsett hafi verið á Þórarinsstöðum bæði fyrir og eftir kristnitöku.

Í kirkjugarðinum fannst lítið eldstæði, byggt úr steinum af ýmis konar stærðum og gerðum. Í botni þess var steinhella og mikið magn af kolum, sem reyndust við greiningu vera blanda af brenndu birki og víði. Sýni var tekið af birkikolonum og þau send til kolefnisaldurgreiningar í Þrándheimi. Niðurstöður greiningarinnar sýndu að kolin voru brennd einhverntíma á tímabilinu AD 965-1015. Ennfremur fundust brennd dýrabein, aðallega af sauðfé, á víð og dreif um allan kirkjugarðinn. Dýrabein voru greind af Dr. Leif Jonson, osteolog við Gautaborgarháskóla. Mannabein voru aftur á móti greind af Guðnýju Zoega minjaverði Austurlands.

Við uppgroftinn á Þórarinsstöðum sumarið 1998 fundust merkast gripa ein sörvistala, tvö met og einn steinkross. Sörvistölur voru bornar um hálsinn, yfirleitt í ullarbandi. Þær voru algengt skart bæði meðal karla og kvenna á víkingaöld. Venjulega voru sörvistölur víkingaaldar gerðar úr rafi eða gleri en sörvistalan sem fannst á Þórarinsstöðum er úr steini. Fáar sörvistölur úr steini hafa fundist hér á landi. Metin tvö eru úr sitt hvorri málmtegundinni. Annað þeirra er úr bronsi en hitt úr blýi. Til forna var vegið með metum á vogarskálum og miðaðist þyngd

metanna við staðlað vogarmál norrænna manna á víkingaöld. Sambærileg met, þeim er fundust á Þórarinsstöðum, hafa fundist í öllum nágrannalöndum okkar við N-Atlantshafið.

Blýmetið er mjög merkilegur gripur að því leyti að á tveimur hliðum þess eru ták. Táknin á metinu ættu að geta sagt nákvæmlega til um aldur þess en eins mögulega virði þyngdar þess. En svo virðist sem að táknið, sem prýðir umrætt met, sé óþekkt í Skandinavíu. Þarna virðist sem að um séríslensk ták sé að ræða. Kúlulaga lögun metsins bendir þó eindregið til þess að það hafi verið framleitt á víkingaöld.

Steinkrossinn fannst utan við kirkjuna, þeim megin sem veit að hafi. Hann er einn elsti tillhöggni krossinn sem til er varðveittur hér á landi. Fundaraðstæður benda eindregið til að hann sé um 1000 ára gamall. Krossinn er um 45 cm hár, höggvinn í móberg. Hann er jafnarma en nokkuð óreglulegur í lögun eins og títt var með krossa sem eru tímasettir til mótunarára kristinnar trúar í Norður-Evrópu.

Rannsókn að Þórarinsstöðum var framhaldið sumarið 1999.

EVROPUSAMSTARF

Á grundvelli rannsóknarstarfs Minjasafnsins var því boðin á árinu 1997 aðild að umsókn stofnanna í 8 Evrópulöndum um styrk úr Raphael menningaráætlun Evrópusambandsins. Skoskur styrkþegi úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins starfaði með Steinunni að uppgreftinum að Geirsstöðum 1997 og mælti með því við forráðamenn Bresks fyrirtækis sem hafði umrædda umsókn í bígerð að Minjasafnið yrði fengið til samstarfs. Minjasafn Austurlands þáði aðild að styrkumsókninni og hlaut hún hámarks-fjárveitingu úr Raphaeláætlun ES snemma árs 1998. Þá lá fyrir að samstarfsverkefnið yrði að veruleika. Það hafði hlotið yfirskriftina *Preserving and Reconstructing Ancient Buildings of Wood*, skammstafað PARABOW. Á íslensku; “Varðveisla og endurgerð fornra bygginga úr víði”. Upplýsingar um verkefnið og framvindu þess má finna á heimasíðu PARABOW á veraldarvefnum: www.grampus.co.uk/parabow.

Löndin átta sem aðild eiga að verkefninu eru Ísland, Danmörk, Ítalía, Finnland, Þýskaland, Slóvakía, Skotland og Írland. Stofnanirnar sem löndin tefla fram eru fjölbreyttar og er Minjasafnið til dæmis eina safnið. Samnefnarar á áhugasviði og starfsemi stofnananna eru auðvitað nokkrir og þeir helstu eru; saga og menning snemm-miðalda, fræðsla og fagþjálfun, áhugi á því sem tengir löndin saman (Víkingar, Saxar) og timbur og nýting þess fyrir á tímum, sérstaklega til húsbygginga.

Stofnanirnar leggja til sérfræðinga á ýmsum sviðum og eru þau helstu þessi:

minjavarsla	skógfræði
græn ferðamennska	námsefnis- og hugbúnaðargerð
umhverfisfræði	húsagerðarlist
fornleifafræði	“lifandi” fornleifafræði
saga	fornt handverk

Þessi samsetning gefur auðvitað ótal möguleika varðandi þverfaglega samvinnu en markmið PARABOW verkefnisins er söfnun og miðlun þekkingar á fornum aðferðum við notkun timburs í húsagerð. Sérstök áhersla er á aðferðir og tækni sem beita má þegar um viðgerðir eða endurgerðir sögulegra húsa er að ræða og er áformað að gefa út námsefni á háskólastigi um þetta efni auk ítarlegrar handbókar sem nýtist handverksmönnum og hönnuðum slíkra verkefna. Margmiðlunardiskur þar sem fróðleikur verður settur fram á gagnvirknan máta verður einnig gefinn út.

Fyrsti fundur PARABOW samstarfsaðilanna í Slóvakíu.

Aðilarnir að samstarfinu hittust fyrst í Slóvakíu í maí. Var um vikutíma þar varið bæði í fundi um verkefnið og skoðunarferðir á staði sem tengjast áherslusviði þess. Fulltrúar Minjasafnsins voru Jóhanna Bergmann og Steinunn Kristjánsdóttir. Á fundinum var samþykkt að ráðast í endurgerð á torfkirkjunni sem stóð í Hróarstungu fyrir um 1000 árum síðan og rannsökuð var sumarið 1997. Evrópusamstarfsverkefnið miðar að þekkingu og reynslu á þessu sviði og hér þótti kjörið að ráðast í raunverulega endurgerð þar sem forsenda þess er fyrir hendi, þ.e. fornleifarannsóknirnar sjálfar. Undirbúningur þessa verkefnis var þegar hafinn. Fenginn var torfhleðslumaður til verksins, Guðjón Kristinnsson að nafni, afar áhugasamur og vandvirkur í sínu fagi. Einnig var rætt við Gunnar Bjarnason, húsasmíðameistara, um að taka að sér bæði að hanna tréverkið, í samvinnu við Steinunni, og vinna viðinn með videigandi verkfærum. Hér er um að ræða færasta smið sem Ísland býður til slíkra verka. Hann á langan feril að baki sem smiður við endurgerðir og viðgerðir gamalla húsa. Hann vann með Herði Ágústssyni að smíði Þjóðveldisbæjarins að Stöng og með Hjörleifi Stefánssyni að endurgerð Stangarkirkju fyrir sýningu í Þjóðminjasafni svo það helsta sé nefnt.

Í september hittust skipuleggjendur og sérfræðingar aðildastofnanna samstarfsins hér á slóðum Minjasafnsins til funda og fræðslu um íslenskar aðstæður. Skoðunarferðir voru farnar á vettvang fornleifarannsóknar safnsins, í Sænautasel til að sjá vel heppnaða endurgerð, í fjöru að líta rekaviðinn og í skógana okkar hér, bæði nytjaskóg og náttúrulegan birkiskóg. Afráðið var, í samráði við Gunnar Guttormsson bónda að Litla-Bakka, að velja kirkjunni stað á aflögðu túni á vegamótum gegnt bæjarhúsunum. Þar er aðgengi gott fyrir ferðamenn. Einnig var ákveðið að handverksmenn samstarfsins kæmu til landsins sumarið eftir til að vinna að endurgerðinni.

SAFNAUKI

Alls bárust safninu 195 munir á árinu. Þetta voru einkum ýmsir persónulegir munir sem í notkun voru fyrr á öldinni, auk heimilis- og skrifstofutækja sem orðin eru úrelt. Sérstaklega ber að nefna gjöf Önnu Þóru Árnadóttur, Reykjavík, en það er skírnarkjöll saumaður af Nícoline Weywadt, ljósmyndara á Djúpavogi, árið 1883. Nícoline færði langömmu gefanda kjólinn vegna fæðingar fyrsta barns hennar og manns hennar. Ekki má heldur ógetið látið muna sem Jóna, Jónas og Benedikt Jónasbörn færðu safninu til minningar um systur sína, Málfríði, sem missti sjónina barn að aldri og lést fyrir aldur fram árið 1941 á 31. aldursári. Málfríður fékk, fyrir eigin dugnað og stuðning fjölskyldu sinnar, styrk til tveggja ára dvalar á kvennaskóla fyrir blinda í Danmörku og nam þar meðal annars vefnað og aðra handavinnu. Eftir að heim kom gaf hún sig mest að þrjónaskap og vefnaði og voru afköst hennar og vandvirkni með ólíkindum. Systkynin færðu safninu fjögur ólík vefnaðarsýnishorn, tvö tvenna útþrjónaða telpnakjóra, þrjónapils, og sokka- og vettlingasett með eins þrjónamynstri, allt gert af Málfríði. Auk þess fylgdi gjöfinni minningarplagg um hana. Fyrir átti safnið þrjónað rúmteppi eftir Málfríði.

Í árslok voru um 6800 gripir skráðir í vörslu Minjasafns Austurlands en vitað er um nokkra eldri muni sem enn á eftir að færa inn í tölvuskrána.

ÚTGÁFUSTARFSEMI OG FYRIRLESTRAR

Á árinu kom út á vegum Minjasafnsins skýrslan "Geirsstaðir í Hróarstungu; stórbýli á landnáms- og söguöld" eftir Steinunni Kristjánsdóttur. Steinunn gerir þar grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sinnar árið áður á rústum sem kallast Geirsstaðir. Rannsóknin leiddi í

ljós fornt býli en rúst sú sem fullrannsókuð var reyndist vera bænhús eða kirkja úr torfi með viðarstólpum og viðarstafni. Endurgerð kirkjunnar í landi Litla-Bakka byggir á þessari rannsókn.

Greinar eftir Jóhönnu og Steinunni birtust í Múlaþingi, Byggðasöguriti Austfirðinga. Fjallaði Jóhanna um þann safnauka sem sérstaklega er getið í kaflanum hér að ofan en Steinunn gerði grein fyrir fornleifarannsókn sumarsins að Þórarinsstöðum.

Við opnun sýningarinnar um Geirsstaðarannsóknina í júnímánuði sýndi Steinunn litskyggnur og greindi frá framvindu uppgraftarins. Jóhanna flutti um haustið erindi á opnum fundi Framfarafélags Fljótsdalshéraðs um efnið "Gildi fornleifarannsókna". Gerði hún þar meðal annars grein fyrir þeim fjölmörgu möguleikum sem árangursrík rannsókn opnar til frekari þekkingaleitar, kynningar á þekkingu og samvinnu við ýmsa aðila sem meðal annars getur leitt til aukins ferðamannastraums um svæðið.

Jóla kort ársins var með mynd af steinkrossinum sem fannst við rannsóknina að Þórarinsstöðum. Kortið var gert í samvinnu við Minjavörð Austurlands.

INNLAN - ÚTLÁN

34 gripir voru lánaðir af safninu á árinu en enginn fenginn að láni. Til sumarsýningar um Snorra Gunnarsson að Skriðuklaustri voru lánaðir tveir munir sem hann notaði á sínum ferli. Á sýninguna voru einnig lánuð 3 sýningarbord. Ýmis sýni, teikningar og ljósmyndir frá rannsókninni að Geirsstöðum sumarið 1997 voru send á Evrópusýningu í Perlunni í nóvember. Media, upplýsingaþjónustan á Íslandi, sýndi í bás sínum sitthvað sem lýsir þeim Evrópusamstarfsverkefnum sem Íslensk fyrirtæki og stofnanir taka þátt í undir Raphael áætlan Evrópusambandsins. Leikfélagið og Fellaskóli fengu nokkra gripi vegna leikmynda og Guðmundur Ármannsson, Vaði, Skriðdal, fékk heim með sér sleggjuhaus mikinn til þess að sníða ofan í hann skaft, sem hann og gerði.

STYRKTAÐILAR

Fjölmargir styrktu Minjasafnið með einum eða öðrum hætti á árinu.

Á Góugleðinni naut starfsfólk Safnahússins aðstoðar Dagnýjar Pálsdóttur og Ragnhildar Rósar Indriðadóttur við tónlistarflutning og Jónbjargar Eyjólfadóttur og Brynjólfs Bergsteinssonar sem kváðust á. Signýju Ormardóttur er þakkaður fyrirlestur sinn og kynning. Glímumenn frá Reyðarfirði og tónlistarnemar tónskóla Fellahrepps stóðu sig með stakri þrýði og er þeim og forsprökkum þeirra, Þóroddi Helgasyni og Ármanni Einarssyni, þakkað sitt framlag. Eldri borgararnir Guðrún Björnsdóttir, Kristjana Einarsdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir, Þórólfur Stefánsson, Laufey Ólafsdóttir, Stefánny Nielsdóttir, Helga Stefánsdóttir og Svanhvít Hannesdóttir sinntu tóvinnunni í baðstofu af stakri samviseksemi og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir. Sömuleiðis Ólafi Sigurðssyni sem sá um að rokkarnir gengju snurdulaust. Sveitadaginn bættust nokkrir í hóp þeirra sem endurgjaldslaust lífguðu upp á starfsemi safnsins með því að sýna forn handtök. Þau voru Jóhann Magnússon, Petra Björnsdóttir, Guðbjörg Jóhannesdóttir, Þorbjörn Bergsteinsson og Stefán Pálsson sem einnig lagði til hesta. Harðfiskverkunin Kross, Stöðvarfirði gaf harðfisk og Mjólkurstöð Kaupfélags Héraðsbúa gaf mysu til drykkjar. Guðmundur Ármannsson kom með töðu til rakstrar. Guðmundur var starfsmönnum safnsins innan handar á marga lund. Hann smíðaði jarðsniðmót fyrir sumarsýninguna, tók sniðið á vettvangi, smíðaði slá fyrir textílgeymslu, aðstoðaði við flutning

milli útigeymsla og tók að sér að gera upp tvo traktora safnsins, svo einungis það helsta sé nefnt. Eru Guðmundi færðar hinar bestu þakkir fyrir ómælt ómak.

Fóstrur og 5 ára börn Tjarnarlands fá þakkir fyrir ánægjulegt samstarf við gerð ljósmyndasýningarinnar "Það sem mér finnst jólalegt" og fyrir sönginn á jólagleðinni. Þá sáu börn tónlistarskóla Fella um tónlistarflutning á jólagleði undir stjórn Ármanns Einarssonar sem endranær. Ágúst Ólafsson lék ómissandi hlutverk þennan dag, sjálfan jólasveininn! Rithöfundunum sem lásu úr verkum sínum á bókavöku og lögðu á sig mislög ferðalög er þökkuð fyrirhöfnin og sömuleiðis bókaforlögum þeirra, sem kostuðu ferðirnar. Búnaðarbankinn Egilsstöðum styrkti bókavökuna með fjárframlagi sem dugði langt upp í kostnað. Fá stjórnendur bankans bestu þakkir fyrir.

Hér skal getið að nýju hins veglega framlags Dags í Dagsverki þegar hann sá um flutning véla og annarra fyrirferðamikilla muna milli geymsla. Að ógleymdum þeim Gunnari Björnssyni og starfsmönnum sem Austur-Hérað sendi til aðstoðar.

Fornleifarannsóknin undir stjórn Steinunnar Kristjánsdóttur var gerð möguleg með styrk frá Vísindasjóði Rannsóknarráðs Íslands. Seyðisfjarðarbær styrkti rannsóknina einnig með því að leggja fram íbúð, aðstöðu og vinnu. Sólveig Sigurðardóttir og fjölskylda hennar útvegaði gröfurunum ýmis húsgögn og búsaðhöld í íbúðina á Seyðisfirði. Sólveig hjálpaði enn fremur til við uppgröftinn af og til. Evrópusamstarfsverkefni Minjasafnsins, PARABOW, kostaði 5 nema í fornleifafræði til vinnu við rannsóknina og Ítalski aðili samstarfsins greindi viðarleifar safninu að kostnaðarlausu. Auk ofantalinna styrkti Oslóarháskóli og Gautaborgarháskóli rannsóknina með forvörslu og greiningum beina, allt framkvæmt verkefninu að kostnaðarlausu. Jafnframt styrkti Dr. Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur rannsóknina með framlagi í formi greininga á viði og kolefnisaldri sýna. Auk þeirra sem hér eru nefndir lögðu nokkrir sjálfboðaliðar fram vinnu sína við uppgröftinn í lengri eða skemmri tíma.

Austur-Hérað og Seyðisfjarðarbær kostuðu kvöldverði vegna heimsóknar aðila PARABOW verkefnisins í september og er þakkað það framlag. Jónas Þ. Jóhannsson, sveitarstjóri Norður-Héraðs, stuðlaði enn fremur að því að gera heimsóknina eftirminnilega með því að taka að sér leiðsögn og aka gestum um jeppavegi inn að Laugavöllum og að Sænautaseli.

Kaupfélag Héraðsbúa styrkti uppsetningu sumarsýningar Minjasafnsins með 50.000 kr. framlagi. Auk þess naut Minjasafnið lögboðinna styrkja ríkisins í gegnum Þjóðminjaráð.